

STJÓRNARTÍÐINDI B 53 — 1984

17. desember 1984

743

Nr. 469

REGLUGERÐ um gjöld fyrir einkaleyfi o. fl.

1. gr.

	Kr.
Fyrir umsóknir og meðhöndlun þeirra greiðast eftirtalin gjöld:	
a) Umsóknargjald	1 100,00
b) Rannsókn á beiðni um einkaleyfi, skv. 15. gr. laga nr. 12/1923	4 300,00
c) Afrit af auglýstri einkaleyfisumsókn (lýsing, kröfur og teikningar, allt að 20 síður A4)	250,00
d) Forgangsréttarskjal	450,00

2. gr.

Fyrir innritanir í einkaleyfaskrá og útskriftir varðandi veitt einkaleyfi greiðast eftirtalin gjöld:

a) Innritun í einkaleyfaskrá á breytingum er snerta einkaleyfishafa eða umboðsmann	Kr. 350,00
b) Staðfest útskrift úr einkaleyfaskrá	250,00
c) Staðfest afrit af veittu einkaleyfi	450,00

3. gr.

Hámarksgjald vegna áfrýjunar, sbr. lög nr. 36 15. maí 1984 8 000,00
Eftir eðli og umfangi máls má lækka gjaldið eða fella það niður að öllu leyti, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

4. gr.

Fyrir einkaleyfi skal greiða eftirtalin gjöld:	Kr.
Fyrir fyrstu fimm ár leyfistímans	3 500,00
Fyrir næstu fimm ár leyfistímans	13 500,00
Fyrir síðustu fimm ár leyfistímans	27 000,00

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 25. gr. laga nr. 12/1923 um einkaleyfi, sbr. lög nr. 36/1984 og öðlast gildi 1. janúar 1985. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um gjöld fyrir umsóknir og afgreiðslu einkaleyfa nr. 788, 16. desember 1983.

Iðnaðarráðuneytið, 17. desember 1984.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Gunnar Guttormsson.